



Fundargerð

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs - 181. fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn á fjarfundi, mánudaginn 12. desember 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,
Elín Heiða Valsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,
Sigurjón Andrésón, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
Soffía Gísladóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Norðurþings,
Vilhjálmur Jónsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Múlaþings,
Páll Ásgeir Ásgeirsson, varafulltrúi umhverfisverndarsamtaka,
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaganna,
Arnheiður Jóhannsdóttir, varaáheyrnarfulltrúi, tilnefnd af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs,
Ingibjörg Halldórsdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs,
Ingibjörg Smáradóttir, verkefnastjóri skjalamála og skrifstofujónustu.

Gestir:

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri skipulags- og öryggismála,
Stefán Frímann Jökulsson, yfirlandvörður,
Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs,
Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs.

Fjarverandi / boðuð forföll / í leyfi:

Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Sævar Þór Halldórsson aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka,
Ágúst Elvarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs.

1. Svæðisráð austursvæðis - 115 - 2212002F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

2. Rekstraráætlun - 2023 - 2208071

Lögð fram tillaga að rekstraráætlun 2023.

Sviðsstjóri fjármála og framkvæmda kynnir helstu atriði framlagðrar tillögu en auk hans þá er sviðstjóra mannauðs- og fræðslumála einnig gestur fundarins undir þessum dagskrárlið. Sjá tillögu í meðfylgjandi fylgiskjali.

Gestir

Ragnheiður Björgvinsdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og fræðslumála - 13:15

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs - 13:15

Stjórn samþykkir að tillagan verði lögð fyrir svæðisráð. Að því loknu áformar stjórn að taka tillöguna aftur til meðferðar á fundi sínum þann 19. desember nk.

3. Útgáfa - Starfsreglur fyrir stjórn og svæðisráð - með skýringum - 2210043

Lögð fram til umræðu drög að starfsreglum stjórnar og svæðisráða ásamt skýringum.

Gestir

Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Vatnajökulspjóðgarðs - 14:00

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri skipulags- og öryggismála - 14:00

Stjórn leggur til að lögfræðingur þjóðgarðsins kynni drögin fyrir svæðisráðum áður en stjórn tekur þau fyrir til endanlegrar afgreiðslu.

4. Stjórnunar- og verndaráætlun 4. útgáfa - Undirbúningur - 2106018

Lagt fram minnisblað um mögulega nálgun og næstu skref við endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs.

Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri skipulags- og öryggismála - 14:30

Verkefnisstjóri stjórnunar- og verndaráætlunar kynnti framlagt minnisblað. Stjórn felur starfsmönnum að vinna áfram að undirbúningi málsins á grundvelli þeirrar tillögu sem fram kemur í minnisblaðinu.

5. Vöktun - Veiðar á austursvæði - Framvinda 2022 - 2210012

Lögð fram til kynningar drög að stöðuskýrslu um vöktun á Snæfellsöræfum í kjölfar breytinga á veiðiákvæðum 2022

Gestir

Stefán Frímann Jökulsson, yfirlandvörður á austursvæði - 15:00

Stjórn þakkar fyrir kynninguna og starfsfólki þjóðgarðsins fyrir vandaða vinnu. Stjórn leggur áherslu á að verkefninu verði framhaldið næstu tvö sumur eins og ákveðið var sl. vor.

6. Erindi til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins varðandi lagaheimildir um vegi og slóða - 2204062

Formaður fer yfir forsögu málsins og næstu skref rædd.

Formaður stjórnar fór yfir feril máls og stöðu mála. Til kynningar.

7. Skýrsla setts framkvæmdastjóra - 2206035

Settur framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundum.

Frestað.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 16:00.